

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 31. mars 2007 í máli nr. S-79/2005:

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)

gegn

X

Z

Y

(Kristján Stefánsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 1. mars sl., höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 8. júlí 2005 á hendur ákærðu, X, , Z og Y;

„fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa að morgni laugardagsins 10. apríl 2004, við Heimabæ í Hnífsdal, veist að lögreglumönnunum Þorgeiri Albert Elíserssyni, Þorkeli Lárusi Þorkelssyni og Önnu Láru Guðmundsdóttur, sem þar voru við skyldustörf, og reynt að hindra handtöku Jóns Elíasar Kolbeinssonar með eftirgreindum hætti:

Ákærða X sló Þorgeir Albert ítrekað í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut hrufl og mar á enni og nefi. Þá sló hún Þorkel Lárus á hæggra gagnauga með þeim afleiðingum að hann hlaut mar og bólgu þar yfir.

Ákærða Z sló Þorgeir Albert í höfuðið og Önnu Láru í andlitið með handtösku.

Ákærði Y ýtti við Þorgeiri Albert svo við lá að hann félli aftur fyrir sig.

Ákærðu Y og Z reyndu að toga Þorkel Lárus frá Jóni Elíasi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976 og lög nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar.“

Skipaður verjandi hefur fyrir hönd ákærðu aðallega krafist þess að þau verði sýknuð af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara, ef sakfellt verði, að ákvörðun

refsingar verði frestað skilorðsbundið og til þrautavara að refsing verði dæmd svo væg sem lög frekast heimila og að hún verði bundin skilorði. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa og að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð

I.

Aðfaranótt laugardagsins 10. apríl 2004 voru þrír lögreglumenn við almennt eftirlit á Ísafjarðarvegi í Hnífsdal. Veitti lögregla athygli dökkri Daihatsu-bifreið, sem fyrst var ekið inn á Hólavallagötu en snúið þar við og því næst ekið inn á Hreggnasa og upp að húsinu Heimabæ. Þar missti lögregla sjónar á bifreiðinni. Ákvað lögregla að kanna nánar með hana og hélt því áleiðis að Heimabæ.

Þegar lögregla nálgast Heimabæ var fyrrnefndri bifreið ekið af stað frá húsinu. Veittu lögreglumennirnir því athygli að komnir voru farþegar í bifreiðina. Var ökumanni hennar gefið merki um að nema staðar sem hann gerði. Fór Þorgeir Albert Elíesersson lögreglumaður í kjölfarið út úr lögreglubifreiðinni til viðræðna við ökumanninn.

Í Daihatsu-bifreiðinni reyndust vera auk ökumannsins, Guðfinns Á. Jóhannssonar, ákærðu í málinu og Jón Elías Kolbeinsson. Er í frumskýrslu lögreglu bókað að ákærða X hafi verið grátandi í aftursæti bifreiðarinnar. Til orðaskipta kom í framhaldinu milli Jóns Elíasar og lögreglu og er í nefndri lögregluskýrslu bókað að Jón Elías hafi ítrekað gripið fram í er lögregla reyndi að ræða við Guðfinn. Þá hafi Jón Elías verið ógnandi í garð lögreglumannanna. Í kjölfarið kom til átaka á vettvangi og beitti lögregla mace-úða í þeim átökum. Kölluðu lögreglumennirnir eftir frekari aðstoð og komu tveir lögreglumenn til viðbótar á vettvang skömmu síðar.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu lauk atvikum á vettvangi með því að Jón Elías og ákærða Z voru færð í handjárn. Þau voru síðan, ásamt ákærðu X, færð á lögreglustöðina á Ísafirði. Þar var Jón Elías vistaður í fangaklefa. Stúlkunum var hins vegar ekið til dvalarstaða sinna.

Að lokinni rannsókn lögreglu voru gögn málsins send ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari höfðaði síðan mál þetta með útgáfu ákæru 8. júlí 2005. Málið var þingfest 7. september 2005 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 7. október sama ár. Hinn 22. júlí 2006 var málið endurupptekið og flutt munnlega á ný. Að málflytningi loknum var málið dómtekið að nýju. Málið var endurupptekið öðru sinni 1. febrúar sl. og aðalmeðferð þess fram haldið þann dag sem og 15. febrúar og 1. mars 2007. Að loknum málflytningi síðastnefndan dag var málið dómtekið í þriðja sinn.

II.

Er aðalmeðferð málsins var fram haldið 1. febrúar sl. mætti ákærða X ekki fyrir dóm. Upplýsti skipaður verjandi í þinghaldinu að ákærðu væri kunnugt um þinghaldið en að hún hefði hins vegar kosið að mæta ekki til þess.

Ákærða X skýrði svo frá fyrir dómi 7. október 2005 að umrædda nótt hefði hún verið gestkomandi í Heimabæ í Hnífsdal. Hún hefði síðar um nóttina fengið far þaðan í bifreið sem í hefðu verið, auk hennar, ákærða Z, Jón Elías Kolbeinsson og

tveir aðrir menn og annar þeirra hefði ekið bifreiðinni. Kom fram hjá ákærðu að hún hefði einungis þekkt Jón Elías af þeim sem í bílnum voru.

Ákærða sagði lögreglu hafa stöðvað bifreiðina og einn lögreglumaður síðan komið og kíkt inn í hana. Ákærða kvaðst hafa verið grátandi er það gerðist og lögreglumaðurinn viljað vita ástæðu þess. Hún hefði ekki gefið honum neina skýringu heldur sagt honum að fara. Jón Elías hefði tekið undir með ákærðu og bætt því við að hún væri hrædd við lögregluna. Hefði lögreglumaðurinn þá sagt „... ég er svona djöfulsins eða eitthvað svona djöfulsins ...“. Jón Elías hefði gert athugasemd við orð lögreglumannsins og sagt að svona ættu lögreglumenn ekki að haga sér. Lögreglumaðurinn hefði skorað á Jón Elías að koma út úr bílnum og endurtaka orð sín og Jón Elías farið út úr bílnum „geðveikt rólegur“.

Skyndilega hefðu orðið „einhver læti“ fyrir utan bifreiðina og kvaðst ákærða þá hafa hlaupið út úr henni og ætlað til Jóns Elíasar. Lögreglumaður hefði þá gripið í ákærðu og haldið henni mjög fast, svo fast að á henni sá á eftir. Ákærða sagðist er þarna var komið sögu hafa verið farin að hágráta enda henni verið mjög brugðið við meðferð lögreglumannsins á Jóni Elíasi. Nánar aðspurð um hvað lögreglan hefði gert við Jón Elías svaraði hún: „Þeir voru bara þú veist, henda honum niður og þeir tóku upp kylfu og eitthvað svona. ... það var eins og hann væri að berja hérna hann Jón Elías.“ Það sem hún hefði talið kylfu sagði ákærða aðspurð mögulega hafa verið vasaljós.

Ákærða kvaðst hafa streist á móti lögreglumanninum og á endanum náð að losa sig. Um hvernig henni tókst það bar ákærða; „... ég sló eitthvað í andlitið á honum en það var ekki eins og ég hafi ætlað mér að gera það ...“ Eftir að ákærða var laus kvaðst hún hafa ætlað að hlaupa til Jóns Elíasar en annar lögreglumaður, mögulega þó sá sami, komið og hann fyrst hent ákærðu í götuna og síðan Jóni Elíasi ofan á hana. Lögreglumaðurinn hefði síðan komið ofan á Jón Elías. Ákærða, sem kvaðst er atvik máls gerðust hafa verið með mikla mjólk í brjóstum, sagðist hafa fundið fyrir mjög miklum sársauka þar sem hún hefði legið á jörðinni með mennina tvo ofan á sér. Kannaðist ákærða ekki við að hafa slegið til þess lögreglumanns sem henti henni í jörðina samkvæmt áðursögðu. Þar sem ákærða lá í jörðinni sagði hún einhvern strák, örugglega ákærða Z, ítrekað hafa komið að og kallað til lögreglumannanna og taldi ákærða að hann hefði verið að reyna að veita þeim Jóni Elíasi liðsinni.

Að lokum hefði lögregla náð tökum á Jóni Elíasi og færð hann inn í lögreglubifreið. Hefði einn lögreglumaðurinn virkilega verið „... að meiða Jón mjög mikið í gólfinu á bílnum.“

Ákærða sagði þau Jón Elías hafa verið þar er atvik máls gerðust en slitnað hefði upp úr sambandi þeirra eftir umrætt kvöld.

Um ástand sitt þessa nótt bar ákærða að henni hefði liðið mjög illa og hún verið búin að gráta allt kvöldið. Þá kom fram hjá ákærðu að fyrr um kvöldið hefði hún drukkið eitthvað af áfengi en er lýst atvik gerðust hefðu áhrif þess áfengis verið orðin hverfandi.

Er aðalmeðferð máls þessa var fram haldið 1. febrúar sl. hafði ekki tekist að hafa uppi á ákærðu Z og tilkynna henni um þinghaldið. Í þinghaldi 1. mars sl., þegar aðalmeðferð málsins var enn fram haldið, upplýsti skipaður verjandi hins vegar að ákærðu væri um þinghaldið kunnugt en að hún hefði kosið að mæta ekki til þess. Lýsti verjandinn því yfir að ákærða teldi sig ekki hafa neinu að bæta við skýrslu sína fyrir dómi 7. október 2005.

Ákærða Z bar fyrir dómi ofangreindan dag að umrædda nótt hefði hún verið í bifreið á leið frá Heimabæ í Hnífsdal þegar lögregla hefði stöðvað bifreiðina. Lögreglumaður hefði síðan komið og beðið ökumanninn um skilríki. Meðákærðu X sagði ákærða hafa verið grátandi í aftursæti bifreiðarinnar og lögreglumaðurinn spurt af hverju hún væri að gráta og X þá sagst vera hrædd. Lögreglumaðurinn hefði þá lýst með vasaljósi upp á sig og sagt „... ú, ú, ég er handbendill djöfulsins ...“ og hálfpartinn hlegið. Jón Elías Kolbeinsson, þáverandi kærasti X, hefði ekki verið sáttur við framkomu lögreglumannsins og fundið að henni. Lögreglumaðurinn hefði þá spurt Jón Elías að því hvort hann vildi ekki koma út úr bifreiðinni og endurtaka orð sín og hefði Jón Elías þá farið út úr bifreiðinni.

Það sem næst gerðist kvaðst ákærða ekki hafa séð vel. Hún hefði þó séð lögreglumanninn slá til Jóns Elíasar með vasaljósinu sem við þá hefði orðið blóðugur á enninu. Var á ákærðu að skilja að þær X hefðu þá farið út úr bifreiðinni. X hefði stokkið til Jóns Elíasar og tekið utan um hann. Lögreglumennirnir hefðu reynt að slíta X og Jón Elías í sundur sem endað hefði með því að þau féllu í jörðina. „X lá undir Nonna og Nonni ofan á henni og fullt af löggum ofan á þeim ...“. Aðspurð kvaðst ákærða ekkert hafa blandað sér í þessi átök.

Í framhaldinu sagði ákærða Jón Elías hafa verið handjárnaðan og færðan inn í lögreglubifreið. Jón Elías hefði þá beðið hana um að ná í föður sinn, Kolbein Valsson. Er ákærða hefði ætlað að hlaupa af stað hefði lögreglumaður haldið henni en síðan sleppt og sagði ákærða að vel gæti verið að við þá hefði taska hennar slegist í hann. Fullyrti ákærða að hún hefði hins vegar engan lögreglumann slegið viljandi þessa nótt svo sem henni sé gefið að sök í ákæru.

Ákærða sagðist síðan hafa farið og sótt föður Jóns Elíasar sem komið hefði og rætt við son sinn. Stuttu síðar kvaðst ákærða hafa verið færð í járn og inn í aðra lögreglubifreið en þar hefði X verið fyrir. Kom fram hjá ákærðu að hún hefði grátið í lögreglubifreiðinni enda liðið illa, og þá hefði einn lögreglumaðurinn verið búinn að „meisa“ hana.

Aðspurð kannaðist ákærða ekki við að hafa er atvik máls gerðust reynt að toga lögreglumann frá Jóni Elíasi. Þá sagðist hún ekkert geta borið um athafnir ákærða Y um nóttina en ákærða sagðist ekkert þekkja hann.

Ákærði Y greindi svo frá fyrir dómi 1. febrúar sl. að umrædda nótt hefði hann fengið far með bifreið úr samkvæmi í Heimabæ. Af því fólki sem í bifreiðinni var hefði ákærði einungis þekkt Jón Elías Kolbeinsson sem væri gamall skólabróðir hans.

Ákærði sagði lögreglu hafa stöðvað bifreiðina skammt frá húsinu og rætt við ökumann hennar. Taldi ákærði að um venjubundið eftirlit lögreglu hefði verið að ræða. Ákærðu X sagði ákærði hafa verið grátandi í aftursæti bifreiðarinnar og henni liðið mjög illa. Lögreglumaður hefði spurt hvað að henni amaði en X svarað að það kæmi honum ekki við. Ákærði kvað grát X hafa aukist því oftast sem lögreglumaðurinn leit á hana. Lögreglumaðurinn hefði þá sagt: „Ég er handbendill djöfulsins.“ Við það hefði grátur stúlkunnar enn aukist. Jón Elías hefði innt lögreglumanninn eftir því hvað hann hefði sagt og hann endurtekið orð sín. Jón Elías hefði þá spurt hvort þetta væri hegðun sem væri lögreglumanni sæmandi. Lögreglumaðurinn hefði þá beðið Jón Elías um að koma út úr bifreiðinni og hann orðið við þeirri beiðni.

Fyrir utan bifreiðina sagði ákærði hafa orðið einhverjar stimpingar. Ákærðu hefðu þá báðar farið út úr bifreiðinni og hann einnig skömmu síðar. Átök hefðu þá verið yfirstandandi milli lögreglu og Jóns Elíasar. X hefði gengið á milli og henni þá verið slengt í jörðina og hún komið niður á magann. Jón Elías hefði lent ofan á henni og annar lögreglumannanna síðan ofan á honum. Hinn lögreglumaðurinn hefði svo haldið þeim öllum niðri og kvaðst ákærði hafa ýtt við honum til að koma þeirri skoðun sinni á framfæri að aðgerðir lögreglu væru fátjánlegar en X hefði verið hágrátandi og sýnilega sárkvalin. Lögreglumaðurinn hefði þá rífið upp mace-úðabrúsa og spurt félaga sinn: „Á ég að „meis'ann“, á ég að „meis'ann“.“ Ákærði sagðist strax hafa hörfað undan en lögreglumaðurinn svarað spurningu félaga síns játandi og sá þá hafið beitingu úðavopnsins. Ákærði kvaðst hafa hörfað enn frekar og síðan hlaupið af stað og lögreglumaðurinn fylgt honum eftir og haldið áfram að beita úðanum. Hann hefði síðan snúið til baka til félaga síns. Það hefði ákærði einnig gert og hann síðan farið aftur inn í bifreiðina. Þar hefði hann verið er fleiri lögreglumenn komu á vettvang.

Ákærði neitaði því að hafa reynt að toga lögreglumann frá Jóni Elíasi svo sem honum er gefið að sök í ákæru. Þá kvaðst hann hvorki hafa séð X slá til lögreglumannanna né Z veitast að þeim með einhverjum hætti.

III.

Þorgeir Albert Elíesersson lögreglumaður greindi svo frá fyrir dómi að umrædda nótt hefði hann verið við eftirlit í Hnífsdal ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum. Vitnið sagði lögreglu hafa veitt athygli bifreið skammt frá Heimabæ en undir stýri hefði verið Guðfinnur Á. Jóhannsson. Bifreiðin hefði í kjölfarið horfið bak við húsið og ákvörðun þá verið tekin um að kanna betur með hana.

Stuttu síðar hefði bifreiðinni verið ekið frá Heimabæ að nýju og hún þá verið orðin full af fólki. Lögregla hefði stöðvað bifreiðina og vitnið farið út úr lögreglubifreiðinni til að ræða við ökumanninn.

Í aftursæti bifreiðarinnar sagði vitnið hafa setið tvær stúlkur og einn karlmann. Þá hefði annar karlmaður setið í farþegasæti við hlið ökumanns. Farþegana alla sagði vitnið hafa verið áberandi ölvaða. Aðra stúlkuna, ákærðu X að því er vitnið taldi, sagði það hafa verið í uppnámi og hún grátið. Vitnið hefði spurt um ástæðu þess og stúlkann þá sagst vera hrædd við vitnið. Vitnið hefði þá svarað með því að segja; „... enda er ég handbendill djöfulsins ...“ eða eitthvað í þá veru. Með þeim orðum

kvaðst vitnið hafa verið að reyna að slá á léttu strengi. Manninn í aftursætinu, Jón Elías, sem strax hefði verið mjög æstur og ósáttur við afskipti lögreglu, sagði vitnið hafa orðið enn æstari við þessi orð sín.

Vitnið sagði Guðfinn hafa komið út úr bifreiðinni til viðræðna við lögreglu. Jón Elías hefði þá einnig farið út og hann haldið áfram að vera með æsing og leiðindi. Hann hefði hrópað og kallað að lögreglu og verið mjög ógnandi gagnvart lögreglumönnum, meðal annars pikkað nokkrum sinnum í brjóstkaða vitnisins. Fullyrti vitnið aðspurt að Jóni Elíasi hefði ekki farið út úr bifreiðinni að fyrir mælum lögreglu.

Þar sem enginn friður hefði fengist fyrir Jóni Elíasi sagði vitnið að ákvörðun hefði verið tekin um að handtaka hann. Ákærðu, sem þá hefðu öll verið komin út úr bifreiðinni, hefðu þá tekið að veitast að vitninu og félaganum þess, Þorkeli Lárusi Þorkelssyni, á meðan þeir hefðu verið að reyna að koma Jóni Elíasi í tók. Þannig hefði ákærða X komið og slegið vitnið að minnsta kosti einu eða tveimur höggum í andlitið. Vitnið hefði stuðast við árás hennar og sleppt tókum sínum á Jóni Elíasi. X hefði því næst gripið um hálsinn á Jóni Elíasi og þau síðan misst jafnvægið og fallið í jörðina. Jón Elías hefði líklega fallið ofan á stúlkuna og Þorkell Lárus ofan á hann. Kvaðst vitnið hafa reynt að aðstoða Þorkel Lárus við að losa X og Jón Elías í sundur en á meðan hefði það verið undir stöðugu áreiti frá ákærðu Y og Z. Hefði vitnið ýmist verið slegið eða reynt að ýta því frá. Á endanum hefði X síðan sleppt Jóni Elíasi.

Vegna ástandsins sagði vitnið þá ákvörðun hafa verið tekna að óska eftir aðstoð og hefði hún borist stuttu síðar. Þá hefði vitnið ennfremur, að ákvörðun Þorkels Lárusar, gripið til mace-úða gegn Y sem hlaupið hefði undan. Úðinn hefði hins vegar komið að takmörkuðum notum vegna vinds að því er vitnið taldi. Kom fram hjá vitninu að það hefði séð til Y á vettvangi eftir þetta.

Nánar um ofangreindar athafnir ákærðu bar vitnið að Y hefði ýtt við sér og skömmu síðar hefði Z slegið vitnið með handtösku. Fullyrti vitnið að um ásetningsverknað af hálfu ákærðu hefði verið að ræða. Aðspurt gat vitnið ekki borið um hvort ákærða hefði beitt töskunni gegn hinum lögreglumönnum. Þá sagði vitnið X ítrekað hafa slegið sig í andlitið, fyrst í upphafi eins og áður er lýst og síðan líklega þegar verið var að færa Jón Elías í járn. Þá sagðist vitnið hafa séð X slá Þorkel Lárus í andlitið þessa nótt og taldi að það hefði hún gert rétt áður en hún tók utan um hálsinn á Jóni Elíasi eins og áður er lýst. Athafnir ákærðu allra kvað vitnið hafa miðað að því að koma í veg fyrir handtöku Jóns Elíasar.

Við það að tveir lögreglumenn komu til aðstoðar á vettvangi sagði vitnið ástandið hafa róast nokkuð, en Jón Elías þó enn sýnt mótþróa. Að lokum hefði tekist að koma honum í járn. Taldi vitnið að ákærðu báðar hefðu einnig verið settar í handjárn. Þau þrjú hefðu í framhaldinu verið færð á lögreglustöð.

Þá kom fram hjá vitninu að faðir Jóns Elíasar, Kolbeinn Valsson, hefði komið á vettvang í lokin og hann verið ósáttur við framgöngu lögreglu.

Vitnið kvaðst hafa hlotið mar og eymsli í umræddum atgangi en þeir áverkar hins vegar ekki haft áhrif á vinnufærni sína.

Þorkell Lárus Þorkelsson lögreglumaður kvaðst við eftirlit umrædda nótt hafa veitt athygli bifreið sem ekið hefði verið í hvarf við Heimabæ. Ökumann bifreiðarinnar, sem verið hefði einn í bifreiðinni, sagðist vitnið hafa þekkt vegna fyrri afskipta lögreglu af honum

Vitnið hefði ásamt starfsfélögum sínum, Þorgeiri Albert Elíeserssyni og Önnu Láru Guðmundsdóttur, farið að húsinu og mætt bifreiðinni þar en hún hefði þá verið orðin full af fólki. Vitnið sagði Þorgeir Albert hafa farið út úr lögreglubifreiðinni til viðræðna við ökumann bifreiðarinnar. Skömmu síðar hefði vitnið einnig farið út úr lögreglubifreiðinni og tekið sér stöðu milli bifreiðanna tveggja og lýst inn í hina bifreiðina með vasaljósi.

Í aftursæti bifreiðarinnar sagði vitnið hafa verið tvær stúlkur og einn karlmann, Jón Elías Kolbeinsson, og hefði önnur stúlkann verið grátandi. Vitnið kvaðst í framhaldinu hafa beðið ökumann bifreiðarinnar um að koma út og ræða við lögreglu og hann orðið við því. Er lögregla hefði verið að ræða við ökumanninn hefði Jón Elías komið út úr bifreiðinni. Hann hefði verið ógnandi í framkomu gagnvart lögreglu og otað fingri að og í Þorgeir Albert. Vitnið kvaðst hafa farið til Jóns Elíasar og beðið hann um að hafa sig hægan og fara í burtu, en hann þá orðið enn æstari.

Í framhaldinu sagðist vitnið hafa tekið þá ákvörðun að handtaka Jón Elías sem veitt hefði mikla mótspyrnu við handtökuna. Á þeim tímapunkti hefðu þau þrjú sem eftir voru í bifreiðinni komið út og reynt að frelsa Jón Elías. Hefðu þau veist að vitninu og Þorgeiri Albert með höggum og spörkum. Vitnið sagði þá Þorgeir Albert hafa verið komna með Jón Elías í tók en Þorgeir Albert neyðst til að sleppa Jóni Elíasi til að verja vitnið og veita því svigrúm til að koma honum í föst tók. Jón Elías hefði er þarna var komið sögu verið kominn í jörðina og lögreglumennirnir kropið hjá honum og þeir þá fengið fyrrgreind spörk í bak og læri. Þá kvaðst vitnið minnst þess að Þorgeir Albert hefði verið sleginn með tösku af annarri stúlkunni.

Um átökin bar vitnið ennfremur að ákærðu öll hefðu veist að lögreglu en mest þó stúlkurnar tvær. Ökumaður bifreiðarinnar hefði hins vegar alfarið haldið sig til hlés. Aðra stúlkuna, þá sem síðar hefði slegið vitnið, kvað það hafa vafið sig utan um Jón Elías og hangið á honum þar sem hann lá í jörðinni. Hefði stúlkann í engu hlýtt ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að sleppa. Þá hefðu hin stúlkann og ákærði reynt að toga vitnið frá Jóni Elíasi.

Vitnið kvaðst hafa gefið félaga sínum fyrirmæli um að beita varnarúða og með því hefði þeim gefist færi á að færa Jón Elías í járn og koma honum að lögreglubifreiðinni. Þar hefði önnur stúlkann komið rakleitt að vitninu og slegið það í andlitið. Aðspurt um hvor stúlkann þetta hefði verið svaraði vitnið því til að þetta hefði ekki verið sú sem sló Þorgeir Albert með töskunni heldur hin. Er þetta gerðist kvað vitnið fullorðinn mann hafa verið kominn á vettvang. Um þetta leyti sagði vitnið því og félögum þess hafa borist aðstoð frá Ísafirði. Hefðu flest þau sem í bifreiðinni voru í framhaldinu verið færð á lögreglustöð.

Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess að hafa fengið fleiri högg en þetta eina, sem hann hlaut frá stúlkunni samkvæmt framansögðu, í atganginum umrædda nótt.

Anna Lára Guðmundsdóttir, fyrrverandi lögreglumaður, skýrði svo frá fyrir dómi að umrædda nótt hefði hún verið við eftirlit ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum, Þorgeiri Albert Elieserssyni og Þorkatli Lárusi Þorkelssyni, og kvaðst vitnið hafa setið í aftursæti lögreglubifreiðarinnar. Vitnið og félagar þess hefðu veitt athygli bifreið í nágrenni Heimabæjar í Hnífsdal, sem Guðfinnur Á. Jóhannsson hefði ekið, og ákveðið að kanna málið nánar.

Þegar lögregla hefði nálgast Heimabæ hefði bifreiðinni verið ekið frá húsinu að nýju. Tekin hefði verið sú ákvörðun að stöðva bifreiðina og hefði Þorgeir Albert farið út úr lögreglubifreiðinni til viðræðna við Guðfinn. Þorkell Lárus hefði síðan fylgt honum eftir.

Vitnið sagði Guðfinn hafa komið út úr bifreiðinni og verið að ræða við Þorkel Lárus er Jón Elías Kolbeinsson hefði komið út úr bifreiðinni og steytt hnefana framan í Þorgeir Albert. Fljótlega eftir að Jón Elías kom út kvaðst vitnið hafa stigið út úr lögreglubifreiðinni.

Á vettvangi sagði vitnið, auk þeirra sem fyrr voru nefndir, hafa verið tvær stúlkur og einn strákur sem í upphafi hefði setið í farþegasæti bifreiðarinnar við hlið ökumanns. Gat vitnið ekkert borið um athafnir hans. Stúlkurnar hefðu hins vegar verið með hávaða og verið að reyna að ýta Þorgeiri Albert frá Jóni Elíasi en sá fyrrnefndi hefði ásamt Þorkeli Lárusi verið að reyna að handtaka Jón Elías. Vitnið sagðist hafa reynt að taka stúlkurnar frá félögum sínum.

Vitnið hefði síðan farið inn í lögreglubifreiðina og kallað eftir aðstoð og hefðu tveir lögreglumenn komið á vettvang skömmu síðar.

Vitnið kvað lögreglu að endingu hafa tekist að handtaka Jón Elías og færa hann inn í lögreglubifreið. Kom fram hjá vitninu að faðir Jóns Elíasar hefði komið á vettvang og rætt við hann eftir að hann var kominn inn í lögreglubifreiðina. Einhverju áður sagði vitnið ákærðu Z hafa slegið sig með handtösku í andlitið og við það hefði vitnið hlotið mar á ennið.

Kolbeinn Valsson greindi svo frá fyrir dómi að hann hefði umrædda nótt verið staddur í Heimabæ. Ákærða Z hefði þá komið hlaupandi inn í húsið og tjáð vitninu að lögreglan væri búin að taka Jón Elías, son vitnisins.

Vitnið sagðist hafa farið út til að kanna málið og þá séð Jón Elías sitjandi inni í lögreglubifreið. Hefðu ákærðu Z og X verið ósáttar við að Jón Elías hefði verið handtekinn og kvaðst vitnið hafa séð þá síðarnefndu slá til lögregluþjóns sem „... kveinkað hefði sér mikið ...“. Tók vitnið ítrekað fram fyrir dómi að það hefði ekki séð höggið hæfa lögreglumanninn. Vitnið teldi ákærðu hins vegar hafa hitt en það

væri einungis ályktun.

Vitnið kvaðst hafa fengið að setjast inn í lögreglubifreiðina og ræða við son sinn. Kom fram hjá vitninu að er það hefði setið í bifreiðinni hefði það séð pústra milli Z og lögreglu. Stúlkuna kvað vitnið hafa verið með handtösku með axlaról og er henni hefði eitt sinn verið ýtt til hliðar hefði handtaskan slegist í lögreglumann sem sakað hefði stúlkuna um að hafa lamið sig. Það sagði vitnið hafa verið fjarri öllum sanni. Þá lýsti vitnið ennfremur því áliti sínu að einn lögreglumannanna hefði farið offari gagnvart ungmennunum.

Guðfinn Á. Jóhannsson og ákærða Y sagði vitnið hafa setið inni í bíl á meðan þau atvik gerðust sem að framan er lýst.

Jón Elías Kolbeinsson kvaðst hafa verið í bifreið ásamt fleira fólki umrædda nótt þegar lögregla hefði stöðvað akstur hennar skammt frá Heimabæ. Lögreglumaður hefði í kjölfarið komið að bifreiðinni og gefið sig á tal við ökumann hennar.

Fram kom hjá vitninu að ákærða X hefði verið grátandi í aftursæti bifreiðarinnar. Fyrirnefndur lögreglumaður hefði spurt um ástæður þess en ákærða færst undan að svara. Lögreglumaðurinn hefði þá spurt hvort hún væri hrædd við hann og síðan sagt, sem sjálfsagt hefði átt að vera kaldhæðid grín, að hann væri „handbendill djöfulsins“ og því ekki skrytið að hún væri hrædd við hann. Vitnið sagði framkomu lögreglumannsins ekki hafa verið stöðu hans sæmandi og hefði það komið þeirri skoðun sinni á framfæri. Lögreglumaðurinn hefði þá sagt vitninu að koma út úr bifreiðinni og endurtaka orð sín. Við því hefði vitnið orðið. Taldi vitnið að á þeim tímapunkti hefði ökumaður bifreiðarinnar enn setið inni í henni.

Fyrir utan bifreiðina, eftir að vitnið hefði ítrekað orð sín, kvað það lögregluþjóninn hafa ráðist að sér, slegið til sín og reynt að handtaka sig og beitt við það miklu valdi, svo miklu að stórséð hefði á vitninu á eftir. Taldi vitnið mögulegt að það hefði otað fingri að lögreglumanninum til að leggja áherslu á orð sín en það hins vegar ekkert gert sem réttlætti þessi viðbrögð hans. Annar lögreglumaður hefði síðan strax komið og veitt félagu sínum liðsinni.

Vitnið sagðist í raun vart vera til frásagnar um hvað gerðist eftir að lögreglumaðurinn réðst að sér, enda vitnið verið undir áhrifum áfengis og jafnframt legið undir lögreglumönnum og verið að reyna að losa sig. Kvað vitnið stimpingar sínar og lögreglumannanna hafa verið harðar.

Þá kom fram hjá vitninu að ákærða X hefði „látið öllum illum látum“ á vettvangi, enda hefði hún verið ofurölvi og vitnið, sem verið hefði unnusti hennar er atvik máls gerðust, sætt árás af hendi lögreglu. Þannig hefði hún á einhverjum tímapunkti hangið á vitninu sem í kjölfarið hefði verið haldið ofan á henni af lögreglu. Vitnið kvaðst hins vegar ekki, sérstaklega spurt um það atriði, minnst þess að hafa séð X slá til lögreglumanns á vettvangi.

Um athafnir ákærðu Z og Y á vettvangi gat vitnið lítið borið. Vitnið kvaðst þó, eftir að það hafði verið fært inn í lögreglubifreið, hafa séð lögreglu halda stúlkunum. Neitaði vitnið því hins vegar að hafa þá séð stúlkurnar slá til lögreglu.

Guðfinnur Á. Jóhannsson bar fyrir dómi að umrædda nótt hefði hann verið beðinn um að koma og aka fólki úr samkvæmi sem haldið hefði verið í Heimabæ í Hnífsdal. Við húsið hefðu komið upp í bifreiðina Jón Elías Kolbeinsson, ákærða X unnusta hans, ákærða Z og strákur sem vitnið gat ekki sagt nein deili á. Vitnið sagðist í raun ekkert hafa þekkt þetta fólk sem það hefði sótt að beiðni eiganda bifreiðarinnar.

Vitnið sagði lögreglu hafa stöðvað sig skammt frá Heimabæ. X sagði vitnið þá hafa verið grátandi í aftursæti bifreiðarinnar, en í því sæti hefðu auk hennar verið Jón Elías og Z. Lögreglumaður hefði spurt af hverju X væri grátandi en lítið verið um svör. Sjálfst kvaðst vitnið ekkert hafa um ástæðuna vitað, enda stúlkan nýkomin upp í bifreiðina. Vitnið sagði lögreglumanninn hafa gengið hart eftir svári en það hefði Jóni Elíasi mislíkað og hann sagt lögreglumanninum að hann varðaði ekkert um af hverju stúlkan væri að gráta. Guðfinnur sagðist í kjölfarið hafa farið út úr bifreiðinni og það hefði Jón Elías einnig gert.

Fyrir utan bifreiðina sagði vitnið hafa komið til rifrildis milli Jóns Elíasar og eins lögreglumannsins. Vitnið kvað þá báða hafa verið æsta en um hvað þeim fór á milli gat vitnið ekkert borið. Lögreglan hefði síðan reynt að handtaka Jón Elías sem streist hefði á móti. Ákærðu hefðu þá farið út úr bifreiðinni og farið að rífast í lögreglumönnum. Þegar lögregla hefði verið búin að setja Jón Elías í járn, en að því sagði vitnið hafa komið þrjá til fjóra lögreglumenn, og verið að færa hann inn í lögreglubifreið kvaðst vitnið hafa gengið áleiðis til stúlkunnar. Hefði þá einn lögreglumaðurinn lyft upp úðabrúsa og látið vaða að stúlkunum. Smávegis af úðanum hefði farið á vitnið og það þá ákveðið að snúa við og fara inn í bifreiðina.

Aðspurt kvaðst vitnið hvorki hafa séð X né Z slá til lögreglumannanna eða veitast að þeim með öðrum hætti. Vitnið hefði einungis séð stúlkurnar vera að rífast í lögreglunni. Þá gat vitnið ekkert borið um gerðir Y á vettvangi.

Í fyrstu sagði vitnið þrjá eða fjóra lögreglumenn hafa verið á vettvangi en síðar hefðu fleiri bæst í hópinn.

Skúli Berg rannsóknarlögreglumaður kvaðst hafa verið á vakt umrædda nótt ásamt starfsfélaga sínum Maron Péturssyni þegar borist hefði beiðni um aðstoð frá lögreglumönnum sem staddir hefðu verið í Hnífsdal. Vitnið sagði þá félagi hafa brugðist skjótt við og haldið af stað út í Hnífsdal.

Á vettvangi sagði vitnið hafa verið einhver læti og meðal þeirra sem ófriðlega hefðu látið hefði verið ákærða Y. Vitnið hefði haft af henni afskipti og fjarlæggt hana frá lögreglubifreiðinni. Stúlkan hefði brugðist illa við þessum afskiptum vitnisins og slegið til þess með veski. Í framhaldi af því hefði hún verið handtekin og færð inn í lögreglubifreið vitnisins.

Jón Elías Kolbeinsson kvað vitnið hafa verið kominn inn í lögreglubifreið þegar það kom á vettvang og hefðu lögreglumenn verið með hann þar í tókum.

IV.

A.

Að morgni laugardagsins 10. apríl 2004 stöðvuðu þrír lögreglumenn frá Ísafirði akstur Daihatsu-bifreiðar skammt frá Heimabæ í Hnífsdal. Verður ráðið af framburði lögreglumannanna fyrir dómi og framlögðum rannsóknargögnum að ástæða afskipta lögreglu hafi meðal annars verið fyrri kynni lögreglu af ökumanni bifreiðarinnar.

Upplýst er með framburði ákærðu og vitna að er lögreglumaðurinn Þorgeir Albert Elíesersson kom að bifreiðinni til viðræðna við ökumann hennar var ákærða X í uppnámi og grátandi í aftursæti bifreiðarinnar. Að virtum framburðum ákærðu og Þorgeirs Alberts þykir dóminum ljóst að Þorgeir Albert hafi vegna ástands stúlkunnar reynt að slá á léttu strengi en sú tilraun hans haft þveröfug áhrif. Liggur fyrir að Jón Elías Kolbeinsson, þáverandi unnusti ákærðu X, hafi tekið orð lögreglumannsins mjög óstinnt upp.

Í kjölfarið kom til orðaskipta milli Jóns Elíasar og lögreglu fyrir utan bifreiðina. Fyrir dómi báru bæði Þorgeir Albert og starfsfélagi hans, Þorkell Lárus Þorkelsson, að Jón Elías hefði gert þeim mjög erfitt að ræða við ökumann bifreiðarinnar, sem verið hefði tilgangur lögreglu með stöðvun hennar. Fyrir liggur að er hér var komið sögu voru ákærðu enn inni í bifreiðinni. Jafnframt er upplýst í málinu að lögregla hafi síðan tekið þá ákvörðun að handtaka Jón Elías. Í kjölfarið kom til átaka milli lögreglu og Jóns Elíasar sem samkvæmt framburði lögreglumannanna tveggja veitti mikla mótspyrnu við handtökuna. Verður af framburði ákærðu allra ráðið að þau hafi farið út úr bifreiðinni fljótlega eftir að aðgerðir lögreglu við að handtaka Jón Elías hófust.

B.

Ákærðu X er gefið að sök að hafa í þeim átökum og stimpingum sem urðu í kringum handtöku Jóns Elíasar slegið tvo lögreglumenn, Þorgeir Albert í andlitið og Þorkel Lárus á hægri gagnauga.

Fyrir dómi kannaðist ákærða við að hafa slegið til lögreglumanns sem hefði haldið henni en sagði að um óviljaverk hefði verið að ræða. Þorgeir Albert bar um þetta atvik að þegar hann og Þorkell Lárus hefðu verið að reyna að koma Jóni Elíasi í tök hefði ákærða X komið og slegið hann að minnsta kosti einu eða tveimur höggum í andlitið. Þorkell Lárus lýsti umræddum atvikum svo að er þeir Þorgeir Albert hefðu ætlað að handtaka Jón Elías hefðu ákærðu komið út úr bifreiðinni og veist að þeim með höggum og spörkum. Þá kom fram hjá Önnu Láru Guðmundsdóttur að ákærðu X og Z hefðu reynt að yta Þorgeiri Albert frá Jóni Elíasi þegar hann hefði ásamt Þorkeli Lárusi verið að reyna að handtaka Jón Elías. Bendir þessi framburður Önnu Láru eindregið til þess að það hafi verið ákærða sem sótti að Þorgeiri Albert en ekki öfugt. Að öllu þessu heildstætt virtu þykir sannað gegn neitun ákærðu X, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að ákærða hafi á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir slegið Þorgeir Albert í andlitið.

Þorkell Lárus bar jafnframt fyrir dómi að skömmu síðar, þegar búið hefði verið að færa Jón Elías í járn og koma honum að lögreglubifreiðinni, hefði stúlka komið rakleitt að honum og slegið hann í andlitið. Aðspurður um hvor stúlkan þetta hefði verið svaraði hann því til að þetta hefði ekki verið sú sem sló Þorgeir Albert með töskunni heldur hin. Er þetta gerðist kvað Þorkell Lárus fullorðinn mann hafa verið kominn á vettvang. Sá maður, sem vafalaust er af framburðum ákærðu og vitna að hafi verið Kolbeinn Valson, lýsti atvikum þessum svo að er hann hefði komið á vettvang hefði sonur hans, Jón Elías, setið inni í lögreglubifreið. Ákærðu Z og X hefðu verið ósáttar við handtöku Jón Elíasar og kvaðst Kolbeinn hafa séð þá síðarnefndu slá til lögregluþjóns sem „... kveinkað hefði sér mikið ...“. Þykir dómnum sannað að virtum þessum framburðum Þorkels Lárusar og Kolbeins, gegn neitun ákærðu, að hún hafi umræddan morgun slegið Þorkel Lárus í höfuðið.

Í ljósi þess sem fram hefur komið í málinu um atvik að handtöku Jóns Elíasar, sem við hana veitti samkvæmt áðursögðu mikla mótspyrnu, þykir óvarlegt að telja sannað að áverkar þeir sem lýst er í ákæru hafi verið af völdum ákærðu X. Allt að einu liggur fyrir að með fyrrgreindri háttsemi gegn lögreglumönnum við skyldustörf braut ákærða gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

C.

Lögreglumaðurinn Þorgeir Albert bar fyrir dómi að ákærðu öll hefðu veist að honum og starfsfélagi hans, Þorkeli Lárusi, á meðan þeir hefðu verið að reyna að koma Jóni Elíasi í tök. Þorkell Lárus sagði ákærðu öll hafa veist að lögreglu er hún var að reyna að handtaka Jón Elías en mest þó stúlkurnar tvær.

Ákærða Z, sem alfarið hefur neitað sök í málinu, kannaðist fyrir dómi ekki við að hafa reynt að toga lögreglumanninn Þorkel Lárus frá Jóni Elíasi. Með vísan til þess og að virtum tilvitnuðum framburðum lögreglumannanna tveggja, sem óljósa verður að telja um þetta sakaratriði, er það niðurstaða dómsins að ákærvaldinu hafi ekki tekist að sanna, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum, að ákærða hafi framið brot það sem að framan er lýst. Hún verður því sýknuð af umræddum sakargiftum.

Anna Lára Guðmundsdóttir bar fyrir dómi að ákærða Z hefði umræddan morgun slegið hana í andlitið með handtösku. Z hefur neitað þessum sakargiftum Ekkert annað haldbært en framburður Önnu Láru hefur komið fram í málinu því til stuðnings að ákærða hafi sýnt af sér umrædda háttsemi. Verður ákærða því sýknuð af þeim sakargiftum.

Þorgeir Albert kvað ákærðu Z hafa slegið sig með handtösku í atgangi þeim sem varð við handtöku Jóns Elíasar. Þorkell Lárus sagðist fyrir dómi minnst þess að hafa séð stúlku slá Þorgeir Albert í höfuðið með tösku. Með vísan til þess sem rakið var um framburði Þorkels Lárusar og Kolbeins Valssonar í kafla IV. B hér að framan og með samanburði á framburðum þeirra tveggja þykir vafalaust að stúlka sú sem Þorkell Lárus kvaðst hafa séð slá starfsfélagi sinn með tösku hafi verið ákærða Z. Þá þykir mega hafa af því nokkra hliðsjón að fram kom hjá Skúla Berg rannsóknarlögreglumanni fyrir dómi að hann hefði séð ákærðu Z með veski á vettvangi. Að öllu þessu virtu þykir sannað gegn neitun ákærðu Z, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð

opinberra mála, að ákærða hafi á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir slegið Þorgeir Albert í höfuðið með handtösku. Með þeirri háttsemi, sem beindist gegn lögreglumanni við skyldustörf, þykir ákærða hafa brotið gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

D.

Lögreglumaðurinn Þorgeir Albert bar fyrir dómi að ákærðu öll hefðu veist að honum og starfsfélagi hans, Þorkeli Lárusi, á meðan þeir hefðu verið að reyna að koma Jóni Elíasi í tök. Þorkell Lárus sagði ákærðu öll hafa veist að lögreglu er hún var að reyna að handtaka Jón Elías en mest þó stúlkurnar tvær. Þriðji lögreglumaðurinn á vettvangi í upphafi, Anna Lára, gat hins vegar ekkert um athafnir ákærða borið.

Ákærði Y neitaði fyrir dómi að hafa togað Þorkel Lárus frá Jóni Elíasi svo sem honum er gefið að sök í ákæru. Að virtum tilvitnuðum framburðum lögreglumannanna þriggja þykir ekki fram komin lögfull sönnun þess, gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um umrædda háttsemi.

Ákærði viðurkenndi hins vegar fyrir dómi að hafa ýtt við lögreglumanni sem ljóst er af framburðum þeim sem fyrir liggja í málinu að hafi verið Þorgeir Albert. Þetta kvaðst ákærði hafa gert í þeim tilgangi að koma þeirri skoðun sinni á framfæri að honum þættu aðgerðir lögreglu á vettvangi fáránlegar. Lögreglumaðurinn Þorkell Lárus sagði ákærðu öll hafa veist að lögreglu er hún var að reyna að handtaka Jón Elías og þá bar Þorgeir Albert að hann hefði verið undir stöðugu áreiti er hann var að aðstoða félagi sinn við handtökuna, meðal annars frá ákærða Y. Að þessu og öðru því virtu sem áður hefur verið rakið þykir ekki hafa komið fram í málinu að réttlæt看legt hafi verið af ákærða Y að beita sér líkamlega gegn lögreglumanni með þeim hætti sem áður var lýst. Með háttsemi sinni, sem beindist gegn lögreglumanni við skyldustörf, þykir ákærði hafa brotið gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrnist sök á tveimur árum ef refsing sem unnið er til fer ekki fram úr sektum. Brot ákærða Y verður að telja smáfellt. Refsing sú sem ákærða hefði verið ákveðin vegna brotsins hefði því ekki farið fram úr sektum, sbr. 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 i.f.

Svo sem rakið var í kafla I hér að framan liggur fyrir að mikill dráttur varð á meðferð málsins fyrir dómnum frá því að það var fyrst dómtekið 7. október 2005 og þar til aðalmeðferð málsins var fram haldið 1. febrúar sl. Ákærða verður eðli málsins samkvæmt ekki kennt um þennan drátt. Á umræddu tímabili þykir rannsókn hafa stöðvast um óákveðinn tíma í skilningi 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hinn 10. apríl 2006 voru liðin tvö ár frá því að brot ákærða var framið. Samkvæmt þessu telst sök ákærða fyrnd og skal því sýkna hann af kröfum ákæruvalds í málinu.

V.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða X ekki sætt refsingum. Við ákvörðun refsingar hennar verður til þess að líta að hún var í uppnámi og grátandi

er lögreglu bar að umræddan morgun. Þá var hún einungis 16 ára gömul og nýbúin að eignast barn er atvik máls gerðust. Verður að líta til þessara atvika þegar lagt er mat á brot hennar gagnvart lögreglumönnum og ennfremur að maður sá sem lögregla var að handtaka var þáverandi unnusti ákærðu. Þá hefur rekstur málsins fyrir dómnum dregist úr hömlu. Samkvæmt öllu þessu og að brotum ákærðu virtum þykir rétt, með heimild í a-lið 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að fresta ákvörðun um refsingu ákærðu og skal refsingin falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða Z ekki sætt refsingum. Einnig þykir rétt að líta til þess að ákærða var nýorðin 16 ára er atvik máls gerðust og þá hefur rekstur málsins fyrir dómnum dregist úr hömlu svo sem áður var nefnt. Samkvæmt þessu og að broti ákærðu virtu þykir rétt, með heimild í a-lið 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að fresta ákvörðun um refsingu ákærðu og skal refsingin falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til niðurstöðu dómsins hér að framan, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, þykir rétt að ákærðu X og Z greiði hvor um sig $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar sakarinnar sem til féll fram til 7. október 2005. Ákærðu greiði samkvæmt þessu hvor um sig 14.926 krónur vegna vitnakostnaðar. Ákærðu greiði ennfremur hvor um sig 102.256 krónur af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., sem eftir atvikum öllum þykja hæfilega ákveðin 617.520 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, sem og fyrrgreint hlutfall af útlögðum kostnaði verjanda fram til 7. október 2005 er nam 36.840 krónum. Samkvæmt öllu þessu dæmast ákærðu X og Z hvor um sig til að greiða 129.462 krónur í sakarkostnað.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson, settur héraðsdómari. Dómarinn fékk málið til meðferðar 27. nóvember 2006. Hefur dómsuppkvaðning dregist lítilllega vegna starfsanna dómara.

D Ó M S O R Ð:

Ákvörðun um refsingu ákærðu X er frestað og skal refsingin falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvörðun um refsingu ákærðu Z er frestað og skal refsingin falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Y skal sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Ákærða X og Z greiði hvor um sig 129.462 krónur í sakarkostnað. Allur annar kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Kristinn Halldórsson